



Greiðslur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna þjónustu stuðningsfjölskyldna við fötluð börn.

1.gr

Sveitarfélagið Skagafjörður greiðir stuðningsfjölskyldu fatlaðs barns þóknun fyrir hvern sólarhring sem barnið dvelur hjá fjölskyldunni. Greiðslur eru stigskiptar eftir umfangi fötlunar og umönnunarþörf. Þær styðjast við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins og þá flokkun sem fram kemur í reglugerð nr. 504/1997, með síðari breytingum, um fjárhagslega aðstoð við framfærundur fatlaðra og langveikra barna.

Fjárhæð greiðslna frá og með 1. janúar 2017 er sem hér segir:

1. fl.: Börn sem eru algerlega háð öðrum með athafnir daglegs lífs.

Greiddar eru kr. 18.700 fyrir hvern sólarhring.

2. fl.: Börn sem þurfa verulega aðstoð við athafnir daglegs lífs og gæslu.

Greiddar eru kr. 14.500 fyrir hvern sólarhring.

3. fl.: Börn sem þurfa minni aðstoð en skv. 1. og 2. fl. en þurfa eftirlit við athafnir daglegs lífs.

Greiddar eru kr. 11.200 fyrir hvern sólarhring.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar, með vísan til 21.og 55.grein laga nr.59/1992 um þjónustu stuðningsfjölskyldna fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra, og gildir frá og með 1.janúar 2017.

Samþykkt í sveitarstjórn 23.nóvember 2016